

## BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

## um Kreppulánasjóð.

Samkvæmt lögum nr. 78, 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð, eru sett þau ákvæði, sem hér fara á eftir.

## 1. gr.

Í samræmi við tilgang sjóðsins er það hlutverk hans að veita bændum og öðrum, sem stunda landbúnað að aðalatvinnu, svo og ábúendum smábýla, er komizt hafa í fjárhagsörðugleika, hagstæð lán til langs árabils, aðallega til greiðslu skulda, sem ekki eru tryggðar með fasteignaveði.

## 2. gr.

Starfsfé sjóðsins er stofnfé, (kr. 2500000,00) er rikissjóður leggur honum til, samkvæmt 1. gr. laga nr. 78, 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð, og andvirði skuldabréfa þeirra, er sjóðurinn gefur út, samkv. 2. gr. sömu laga.

## 3. gr.

Skuldabréf Kreppulánasjóðs skulu gefin út til handhafa, en heimilt er að nafnskrá þau í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins gefur bréfin út og fjármálaráðherra undirritar þau jafnframt f. h. rikissjóðs. Samanlögð fjárhæð útgefna bréfa má nema allt að 9 millj. króna.

## 4. gr.

Fjárhæð hinna einstöku bréfa skal vera 30 kr., 100 kr., 500 kr., 1000 kr. og 5000 kr. 30 kr. bréfin bera bókstafsmerkið „A“. 100 kr. bréfin bókstafsmerkið „B“ o. s. frv. Bréfin innan hvers bókstafsmerkis skulu merkt framhaldandi tölum. Hverju bréfi skulu fylgja vaxtamiðar, eftir því sem stjórn sjóðsins nánara ákveður. Hún ákveður og gerð bréfanna.

## 5. gr.

Skuldabréf Kreppulánasjóðs bera  $4\frac{1}{2}\%$  í ársvexti, og greiðast vextirnir í afgreiðslu sjóðsins, gegn afhendingu vaxtamiða, einu sinni á ári, á gjalddaga 31. dec. ár hvert.

Tekjuafgang, sem verða kann samkv. árlegum reikningsskilum, skal leggja í varasjóð. Hann má ekki nota til útlána, heldur ávaxta í tryggri peningastofnun, og má verja honum einungis til þess að standast töp, er sjóðurinn verður fyrir vegna útlána sinna.

## 7. gr.

108

2. okt.

Til tryggingar skuldabréfum Kreppulánasjóðs er:

- 1) Stofnfé sjóðsins.
- 2) Varasjóður hans.
- 3) Skuldabréf þau, er sjóðurinn fær frá lántakendum.
- 4) Ábyrgð rikissjóðs.

Ef svo fer, að reiðufé Kreppulánasjóðs reynist eigi nægilegt til þess að standast nauðsynleg útgjöld sjóðsins, skal rikissjóður leggja fram það, sem á vantar. Þau framlög skulu síðan endurgreidd af eignum sjóðsins, ef þær hrökkva til.

## 8. gr.

Skuldabréf Kreppulánasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. jan. 1933, að svo miklu leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignaveði eða handveði. Þann hluta skulda, sem fara kann fram úr verðmæti veðsins samkvæmt mati stjórnar sjóðsins, er heimilt að greiða með skuldabréfum. Þau eru og gildur gjaldeyrir til greiðslu á víxlum, sem út hafa verið gefnir eftir 1. jan. 1933, ef skuldin upphaflega hefir verið stofnuð fyrir þann tíma.

## 9. gr.

Fé sjóðsins skal varið eingöngu til lánveitinga handa bændum og öðrum, er stunda landbúnað, jafnvel þó að þeir hafi ekki jörð né jarðarhluta til ábúðar, endi veiti sá atvinnurekstur að minnsta kosti helming þess, sem þarf til framfærslu meðalfjölskyldu. Heimilt er og að lána úr sjóðnum ábúöndum á smábýlum við kaupstaði og kauptún, þó því að eins að land það, er býlinu fylgir, geti fullræktað og fullnotað, veitt meðalfjölskyldu a. m. k. þriðjung þess, er þarf til framfærslu henni, sbr. 57. gr. laga nr. 31/1929.

Lán og greiðslur úr sjóðnum fara fram í skuldabréfum Kreppulánasjóðs eða í reiðufé, eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

## 10. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

- 1) að lánbeiðandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg eða sé ábúandi á smábýli við kaupstað eða kauptún, og stærð býlisins fullnægi ákvæðum 9. gr.
- 2) að hann hafi þann bústofn, sem að mati sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans, samhliða öðrum tekjuvonum.
- 3) að skuldir hans í hlutfalli við eignir og tekjuvonir séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli. Við mat á því skal sérstaklega litið til þess, hvort eignirnar eru arðbærar eða eigi, hverjar tekjur lánbeiðandi kann að hafa af öðru en búrekstri, aðstöðu hans til markaðs fyrir búsafurðir, heimilisástæðna og annars, er áhrif getur haft á afkomuskilyrði hans.

108  
2. okt.

- 4) að lánbeiðandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað.
- 5) að hann geti sett þá trygging fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda.
- 6) að hann geti að dómi sjóðsstjórnarinnar risið undir árlegum greiðslum af lánnum þeim, er hann skuldar eftir að hafa fengið lán úr Kreppulánasjóði, samfara heilbrigðum búrekstri.

#### 11. gr.

Lán má veita úr Kreppulánasjóði gegn þeim tryggingum, er hér segir:

- 1) Fasteignaveði. Skal leggja til grundvallar fasteignamat eignarinnar, nema stjórn sjóðsins telji annað réttara.
- 2) Handveði, samkvæmt mati sjóðsstjórnarinnar.
- 3) Ábyrgð hrepps, sýslu eða bæjar.
- 4) Sjálfsskuldarábyrgð.
- 5) Lausafjárveði.

Auk þess eru lán úr Kreppulánasjóði forgangsskuldir í búi lántakanda, ásamt þeim skuldum, sem samið er um samkv. 19. gr., næst á eftir forgangsskuldum samkv. gildandi lögum.

#### 12. gr.

Lánbeiðni til Kreppulánasjóðs skulu fylgja þau skilríki, er hér segir:

- A. Ef ræða er um lán gegn veði í fasteign:
  1. Eignar- og veðbókarvottorð frá valdsmanni þeim, er hlut á að máli.
  2. Vottorð hreppstjóra eða bæjarstjóra þeim, er hlut eiga að máli, um að eign sú, er veðsetja á, liggi ekki undir skemmdum eða hafi gengið úr sér, síðan fasteignamat var framkvæmt.
  3. Brunabótaskírteini, ef hús eru innifalin í veði.
- B. Ef ræða er um lán gegn ábyrgð sýslu-, sveitar- eða bæjarfélaga:
  1. Útskrift úr fundabók sýslu-, sveitar- eða bæjarfélags þess, er hlut á að máli, er sýni, að löglega hafi verið frá ábyrgðinni gengið, og sé útskriftin staðfest af yfirvaldi því, er hlut á að máli.
  2. Ábyrgðaryfirlýsing stofnunar þeirrar, er hlut á að máli.
  3. Vottorð yfirvalds um, hverjir séu í sveitarstjórn eða sýslunefnd þeirri, er hlut á að máli.
  4. Samþykki æðra stjórnarvalds þess, er hlut á að máli, fyrir ábyrgðinni.
  5. Skýrsla um efnahag þess sýslu-, sveitar eða bæjarfélags, sem ábyrgðina tekst á hendur (fjárhagsreikningur).
- C. Ef ræða er um lán gegn lausafjárveði:
  1. Vottorð hreppstjóra um, að lánbeiðandi eigi það lausafé, er hann veðsetur, í góðu lagi.
  2. Vottorð sýslumanns um, að lausaféð sé eigi veðsett.

## 13. gr.

108

2. okt.

Til aðstoðar stjórninni skal skipa 3 manna nefnd í hverri sýslu á landinu, og í kaupstöðum, eftir því sem þurfa þykir. Skal einn nefndarmanna skipaður af stjórn Kreppulánasjóðs, annar af sýslunefnd eða bæjarstjórn, er hlut á að, en atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skipa sömu aðiljar, eftir því sem þurfa þykir.

Verksvið héraðsnefndar er að safna öllum þeim gögnum og láta í té þær skýrslur og upplýsingar, er sjóðsstjórnin þarf á að halda og kann að óska eftir um eignir, skuldir og afkomuskilyrði lánbeiðanda. Hún skal og framkvæma nákvæmt og sundurliðað mat á eignum lánbeiðanda eftir þeim nánari reglum, sem sjóðsstjórnin setur. Héraðsnefndir fara með umboð sjóðsstjórnarinnar hver í sínu héraði, og er þeim skylt að framkvæma störf sín hlutdrægnislaust og eftir beztu samvizku.

Sjóðurinn leggur héraðsnefnd til gerðabók, og skal rita í hana allar fundargerðir héraðsnefndar og skýrslu um öll störf hennar. Útdrátt úr henni skal afhenda sjóðsstjórn, hvenær sem hún óskar þess. Í gerðabók skal jafnan getið um, ef ágreiningur er innan nefndarinnar, hvort heldur um mat eða annað, er máli skiptir.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir ákveða þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Kreppulánasjóður greiðir upp í dagkaup og ferðakostnað 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns, þá er þeir eru að störfum, en það, sem þar er fram yfir, greiðir sýslu- eða bæjarsjóður. Héraðsnefndarmönnum skal greiða þóknun fyrir störf ársfjórðungslega. Héraðsnefndum er skylt að haga störfum sínum þannig, að kostnaður verði sem minnstur, án þess þó, að mikilvægur dráttur verði á að koma lánbeiðnum, ásamt þeim gögnum, er þeim eiga að fylgja, áleiðis til sjóðsstjórnarinnar.

## 14. gr.

Umsóknir um lán úr Kreppulánasjóði skulu stílaðar til sjóðsstjórnarinnar, en sendar héraðsnefnd þeirri, er hlut á að máli. Eftir móttöku lánbeiðnar skal héraðsnefnd útvega og senda sjóðsstjórninni, svo fljótt sem verða má, eftirtalin gögn:

- 1) Sundurliðaða skrá um eignir lánbeiðanda og mat héraðsnefndar á þeim. Fasteignir séu taldar með fasteignamatverði, nema breyting hafi orðið á eigninni frá fasteignamati og þá eftir mati héraðsnefndar. Lausafé skal talið sem næst áætluðu söluverði. Þá skal og fram tekið, hve mikið lánbeiðandi á af hverri tegund búpenings, vélum og verkfærum, kröfum á aðra o. s. frv. Um útstandandi kröfur skal þess getið, hver líkindi séu til, að þær fáiast greiddar að fullu eða að hve miklu leyti.
- 2) Sundurliðaða skýrslu um lánardrottna lánbeiðanda, og skal heimilisfang þeirra tilgreint. Þar skal og tilgreind skuldarhæð hjá hverjum einstökum, þess getið, hvort skuldin er tryggð með vði eða ábyrgð og hver trygging sé, hverjir afborgunarskilmálar eru o. s. frv. Greina skal og gjalddaga

108  
2. okt.

- skulda, vaxtakjör og annað, er máli skiptir. Ef lánbeiðandi skuldar ætt-  
mennum sínum eða venzlafólki, skal tekið fram um skyldleika og hvernig  
skuldin er stofnuð.
- 3) Sundurliðaða skrá um ábyrgðir og skuldbindingar lánbeiðanda og fyrir  
hverja þær eru og fyrir hvers konar skuldum. Þá skal og greint, hverjar  
aðrar tryggingar séu fyrir skuldunum, og hverjar líkur séu fyrir, að þær  
falli á ábyrgðarmennina. Heimilisfang ábyrgðarmanna sé og tilgreint.
  - 4) Vottorð hreppstjóra um það, hve lengi lánbeiðandi hafi rekið búskap, á  
hvaða jörðum og hve lengi á hverjum stað, hvort lánbeiðandi býr á eign-  
ar- eða leigujörð, og ef hann er leiguliði, þá hvert eftirgjald jarðarinnar er  
og hversu mörg kúgildi henni fylgja.
  - 5) Rökstutt álit héraðsnefndar um aðstöðu lánbeiðanda til búrekstrar. Sé þar  
greint frá hlunnindum og öðrum kostum bújarðar og tilgreint, hve mikið  
hlunnindi gefi af sér. Þá skal og getið um, hve mikinn aðkeyptan vinnu-  
kraft lánbeiðandi þurfi um sumar og vetur, fjölskyldustærð og fram-  
færingatölu.
  - 6) Álit héraðsnefndar um, hversu hæfur lánbeiðandi sé til búrekstrar, ráð-  
deild hans og reglusemi, heilsufar fjölskyldu og annað, er máli skiptir.
  - 7) Skýrslur um markaðsskilyrði fyrir búsafurðir lánbeiðanda, og skal til-  
greint, hversu mikið hveurrar tegundar búsafurða hann selur á ári hverju,  
svo og hverjar tekjur hann kann að hafa af öðru en búrekstri sínum, og  
hverjar líkur er til, að hann haldi þeim tekjum framvegis.
  - 8) Rökstutt álit héraðsnefndar um það, hve háar greiðslur vaxta og afborg-  
ana lánbeiðanda sé unnt að greiða. Til grundvallar mati skal héraðsnefnd  
leggja söluverð búsafurða ásamt öðrum tekjuvonum lánbeiðanda annars  
vegar, en búsparfir allar og gjöld í almannaparfir hins vegar.
  - 9) Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar  
eftir beztu vitund.

#### 15. gr.

Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefir fengið tillögur héraðsnefndar, tekur hún  
ákvörðun um, hvort lánbeiðandi geti orðið láns aðnjótandi. Ef hún telur, að  
svo megi verða, skal hún láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til  
allra þeirra, er fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðarkröfur,  
um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins með 6 vikna fyrirvara frá síð-  
ustu birtingu auglýsingar. Í auglýsingu skal fram tekið, að allar ótryggðar  
kröfur og ábyrgðir, sem lánbeiðandi er í fyrir aðra, falli niður ógildar, ef þeim  
er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem eigi hefir lýst  
viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar, meðan á samningaum-  
leitunum stendur, færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýs-  
inguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó  
heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem  
eigi er lýst innan hins tiltekna tíma. Ef ósamræmi er milli kröfulýsingar skuld-

heimtumanna og framtals lánbeiðanda, skal sjóðsstjórnin sannprófa hvort réttara er. 108  
2. okt.

Nú er ágreiningur um fjárhæð kröfu, eða krafa hefir ekki verið viðurkennd, og má sjóðsstjórnin þá, ef aðili krefst þess, leggja fyrir fé af láni því, er lánbeiðandi fær, og nemi það svo miklu af slíkri kröfu, er svarar til þess, sem öðrum kröfuhöfum er greitt. Ef krafa er deilukrafa verður lánardrottinn þó að höfða mál til greiðslu eða viðurkenningar hennar, áður en 2 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu skuldaskilasamningsins. Ef slík krafa verður dæmd óréttmæt, endurgreiðir lántakandi þegar Kreppulánasjóði þann hluta lánsins, er til hliðar hafði verið lagður vegna deilukröfunnar.

#### 16. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal stjórn Kreppulánasjóðs, svo fljótt sem auðið er, taka fullnaðarákvörðun um, hvort hún telji fært að veita lánbeiðanda lán úr sjóðnum. Ef stjórnin telur, að efnahagur umsækjanda sé svo góður, að hann hafi eigi þörf fyrir lán úr sjóðnum, eða aðstaða hans til búrekstrar sé svo örðug, að lán úr Kreppulánasjóði mundi eigi koma honum að haldi, eða lánbeiðandi getur eigi sett tryggingu fyrir láninu, er stjórn sjóðsins tekur gilda, eða af öðrum ástæðum getur eigi komið til greina, skal hún þegar í stað tilkynna það annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

#### 17. gr.

Nú telur stjórn Kreppulánasjóðs, að lánbeiðandi fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir lánveitingu úr sjóðnum, og skal hún þá, svo fljótt sem verða má, semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann. Í frumvarpinu skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningum er eigi ætlað að ná til, og getið trygginga fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þess skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta skuldunaut er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til, og á hvern hátt greiðsla skuli fram fara. Á sama hátt skal í frumvarpinu gera tillögur um greiðslu vegna ábyrgða, sem lánbeiðandi kann að vera í fyrir aðra, og fram tekið, hvort ætlazt er til, að ábyrgðin standi eða falli niður.

#### 18. gr.

Þegar eftir að fullsamið er samningafrumvarp það, sem í 17. grein getur, skal sjóðsstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfum hafa lýst á lánbeiðanda, þar með taldir þeir, er ábyrgðarkröfu hafa lýst, svo og samábyrgðarmönnum lánbeiðanda, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal skuldunaut sjálfum tilkynnt efni samningsins, og skal hann innan 5 daga, frá því að tilkynning barst honum í hendur, segja til um, hvort hann treystist til að ganga að honum. Ef svar er neitandi, skal fundarboðið afturkallað í tæka tíð.

Frá því að frumvarpið er samið og þar til er fundur er haldinn, skal frum-

**108** varpið eða staðfest afrit af því liggja skuldheimtumönnum til sýnis á skrifstofu 2. okt. sjóðsins.

## 19. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er um getur í 18. grein, skal sjóðsstjórnin leggja fram sammingsfrumvarp svo og nákvæman efnahagsreikning skuldunautar. Skuldheimtumenn eiga heimting á að fá sérhverjar skýrslur um hag skuldunauts, er sjóðurinn getur í té látið. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Ef þær verða samþykktar, hefir sjóðsstjórnin heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulegu máli skipta. Að öðrum kosti ber sjóðsstjórnin frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og að lokinni atkvæðagreiðslu um breytingartillögur.

## 20. gr.

Um atkvæðisrétt lánardrottna á skuldheimtumannafundum fer svo sem hér segir:

- 1) Þeir, sem hafa ótryggðar, viðurkenndar kröfur á lánbeiðanda, fara með atkvæði fyrir alla kröfuna.
- 2) Þeir, sem hafa veðtryggðar kröfur, fara með atkvæði fyrir þann hluta kröfunnar, sem er fram yfir verðmæti veðsins.
- 3) Þeir, sem hafa forgangskröfur, geta því að eins notið atkvæðisréttar, að eignir skuldunauts hrökkvi eigi fyrir þeim, og þá að eins fyrir þeim hluta, sem ekki verður að fullu greiddur.
- 4) Ef krafa er tryggð með sjálfsskuldarábyrgð, fer skuldareigandi með atkvæði fyrir alla kröfuna. Kemur hann þannig fram að nokkru sem umboðsmaður ábyrgðarmanna, og skal því leita álits þeirra, áður en atkvæðagreiðsla fer fram. Nú vill ábyrgðarmaður eigi sætta sig við umboðsmeðferð skuldareiganda, og getur hann þá öðlazzt atkvæðisrétt sjálfur, með því að leysa kröfuna til sín að meira eða minna leyti eða setja fullnægjandi trygging fyrir henni, og fer hann þá með atkvæði fyrir þann hluta hennar, sem hann hefir greitt eða sett trygging fyrir.

Undanskildir atkvæðisrétti samkvæmt framansögðu eru þó:

- 1) Þeir, sem nota kröfu til skuldajafnaðar. Ef krafa er ekki öll höfð til skuldajafnaðar, fylgir henni atkvæðisréttur að því leyti.
- 2) Þeir, sem eignazt hafa kröfu á lánbeiðanda við framsal, eftir að hann hefir sótt um lán úr Kreppulánasjóði, nema því að eins að aðili hafi eignazt kröfuna vegna skuldbindingar, sem hann hefir tekið á sig fyrir þann tíma, svo sem vegna ábyrgðar.

Nú rís ágreiningur um atkvæðisrétt kröfuhafa eða vafi leikur á um, fyrir hve háa kröfu skuldheimtumaður skuli njóta atkvæðis, og sker stjórn Kreppulánasjóðs þá úr þeim ágreiningi. Úrskurði sjóðsstjórnarinnar má áfrýja til fjármálaráðherra, enda sé það gert þegar í stað.

## 21. gr.

108  
2. okt.

Ef skuldskilafurvarp hlýtur atkvæði svo margra skuldheimtumanna, að þeir hafi ráð yfir helmingi þeirra krafna, er samningum er ætlað að ná til, hefir sjóðsstjórnin heimild til að staðfesta það, og bindur það þá einnig þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti því eða eigi mætt á fundi. Ef lánbeiðandi er eigi sjálfur mættur á fundi, þá er atkvæðagreiðsla fer fram, skal hann fela öðrum manni umboð til að mæta þar fyrir sína hönd, og telst skuldunautur sætta sig við samninginn, ef hann hreyfir eigi þegar í stað mót-mælum.

Samningur til skuldskila leysir skuldunaut utan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar. Á það jafnt við um eiginskuldir og ábyrgðir þær, sem lánatakandi er í fyrir aðra, bæði gagnvart eiganda ábyrgðarskuldar og meðábyrgðarmönnum.

## 22. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal sjóðsstjórnin ganga frá láns-skjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningur kveður á um. Sjóðsstjórnin greiðir kröfuhöfum þeim, er við hefir verið samið, umsamdan hundraðshluta gegn fullnaðarkvittun fyrir skuldinni.

## 23. gr.

Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfu á skuldunaut.

## 24. gr.

Samningur hefir engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir:

- 1) Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því að eins að skuldarupphæð nemi eigi meira en verðmæti veðsins. Ef skuldin er hærri en verðmæti veðsins samkv. mati sjóðsstjórnar, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir að minnsta kosti 15% herra verð en matsverð. Veðhafi skal tilkynna sjóðsstjórninni, hvort hann óski kaupanna, í síðasta lagi 7 dögum fyrir samningsfund. Heimilt er sjóðsstjórninni að gera sérsamninga við veðhafa um greiðslu á veðskuldunum með skuldabréfum Kreppunlánasjóðs.
- 2) Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær sem hin- ar, sem taldar eru undir 1. lið.
- 3) Forgangskröfur samkv. 8. kap. skiptalaganna, að svo miklu leyti, sem eignir skuldunautar teljast hrökkva fyrir þeim.
- 4) Skuldir tryggðar með lausafjárveði, stofnaðar fyrir 1. jan. 1933, að svo miklu leyti sem veðið hrekkur fyrir þeim. Ef hins vegar kemur í ljós, að



108  
2. okt.

skuldin sé hærri en verðmæti veðsins, samkv. mati því, er lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins. Sérsmningar við skuldheimtumenn eru heimilir á sama hátt sem um fasteignaveð.

#### 25. gr.

Frá því að lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til sjóðsstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum er endanlega lokið, má skuldunautur eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfu eða ótvíræða forgangskröfu sé að ræða. Eigi má hann heldur á neinn hátt veita einum lánardrottni ívilnanir fram yfir hina.

Hann má ekki selja eigur sínar um fram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er markverð áhrif geti haft á efnahag hans. Ef það kemur í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að skuldunautur hefir brotið ákvæði greinar þessarar, er sjóðsstjórninni heimilt að ógilda samninginn og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn hafa tekið á móti, verður eigi endurheimt.

#### 26. gr.

Frá því að skuldainnköllun er útgefin og þangað til samningaumleitunum er lokið, má enginn af skuldheimtumönnum gera aðför hjá skuldunaut.

Nú takast eigi samningar og bú skuldunautar er tekið til gjaldþrotaskipta áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að samningaumleitunum lauk, en það kemur í ljós við skiptin, að skuldunautur hefir brotið gegn ákvæðum 17. gr. laga nr. 78, 19. júní 1933 sbr. 25. gr., og má þá með málsókn rifta samningnum eða greiðslum, er ólöglega hafa fram farið, samkv. reglum gjaldþrotaskiptalaganna. Málsókn skal hafin innan sex vikna, frá því að búskipti byrja. Tímabilið frá því að skuldainnköllun er út gefin og þangað til samningaumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttargerða.

#### 27. gr.

Lánnum þeim, er Kreppulánasjóður veitir, skal einungis varið til greiðslu skulda lántakanda. Vextir af lánnum skulu vera 4% á ári. Hver lántakandi skal auk þess greiða lántökugjald 1% af lánsupphæð sinni um leið og hann tekur lánið. Gjald það rennur óskipt í varasjóð. Lántakandi greiðir og allan beinan kostnað af lántökunni, svo sem þinglestrar- og stimpilgjald, síma- gjöld o. s. frv.

Lánstíminn skal fara eftir ákvörðunum sjóðsstjórnarinnar og skal hann miðaður við afkomuskilyrði lántakanda og við tryggingar fyrir láninu, en má þó aldrei vera lengri en 42 ár. Lánin skal greiða með jöfnum afborgunum

allan lánstímann, og ganga allar afborganir til innlausnar á skuldabréfum **108**  
 Kreppulánasjóðs, jafnt þær sem sammingsbundar eru, sem aukaafborganir, er <sup>2</sup> okt.  
 greiddar kynnu að verða. Í skuldabréfi skal áskilið, að sjóðsstjórninni sé heimilt að breyta hinum upphaflegu umsömdu afborgunarskilmálum, ef efna-  
 hagur eða ástæður lántakanda breytast þannig, að honum verði auðvelt að greiða lánið á skemmra tíma en upphaflega var gert ráð fyrir.

Gjalddagi á lánum Kreppulánasjóðs skal vera 15. nóvember ár hvert.

Þegar veitt hefir verið lán gegn lausafjárveði ber lántakanda að senda sjóðstjórninni jafnhliða árgjaldinu vottorð hreppstjóra um lausafjäreign sína og vottorð forðagæslumanns um fóðurbirgðir. Nú vanrækir lántakandi að senda vottorð þessi í tæka tíð og getur sjóðsstjórnin þá krafið hreppstjóra um þau.

Ef ekki eru gerð skil á árgjaldi fyrir 31. des. næst á eftir gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga, og ber sjóðsstjórninni þá að gera nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu þess. Sjóðsstjórninni er og heimilt að segja láninu upp, ef veðinu er ekki haldið vel við, ef tryggingar fyrir því rýra til muna ef vanrækt er að greiða vátryggingargjöld af veðsettum húsum, ef á veðsettar eignir falla skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum Kreppulánasjóðs, ef skuldunautur fullnægir ekki breytingum þeim á greiðsluskilyrðum, sem sjóðsstjórnin kann að gera samkv. 2. mgr. þessarar greinar, eða ef lántakandi breytir um atvinnuveg. Að öðru leyti eru lánin óuppsegjanleg, meðan lánþegi gegnir skyldum þeim, sem hann hefir gengið undir.

Dráttarvextir skulu vera hinir sömu sem í Ræktunarsjóði á hverjum tíma.

#### 28. gr.

Afborgunum af lánum úr Kreppulánasjóði skal varið til innlausnar á skuldabréfum sjóðsins eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fer fram í febrúarmánuði næst eftir gjalddaga, í viðurvist tveggja manna. Kveður fjármálaráðherra til þess annan manninn, en stjórn sjóðsins hinn. Útdráttur skuldabréfa fer fram í fyrsta sinn í febrúarmánuði 1935 og eftir það í febrúarmánuði ár hvert. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa, með minnst 6 mánaða fyrirvara, tölurnar á skuldabréfum þeim, er út hafa verið dregin til innlausnar og hvenær þau verða greidd. Auglýsinguna skal birta í Lögbirtingablaðinu.

#### 29. gr.

Handhafar eða eigendur skuldabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn afhendingu bréfanna með vaxtamiðum þeim, er þeim eiga að fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra hinn 31. dec. næst eftir að þau eru og dregin út, og greiðast engir vextir af höfuðstólnum upp frá því. Greiðslustaður er í afgreiðslu sjóðsins.

#### 30. gr.

Skuldabréf og vaxtamiðar, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Kreppulánasjóðs, ef þess er eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

108

2. okt.

31. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs fram til 31. des. 1935 skipa þrjú menn, aðalbankastjóri Búnaðarbankans og tveir menn, er atvinnumálaráðherra skipar eftir tilögum landbúnaðarnefnda alþingis. En eftir þann tíma skal stjórn Búnaðarbankans falin stjórn sjóðsins án endurgjalds. Ef ágreiningur ris innan stjórnar sjóðsins um eitthvert málefni, ræður afl atkvæða.

32. gr.

Afgreiðslu sjóðsins og reikningshald annast Búnaðarbankinn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar sjóðsins samdir, svo fljótt sem unnt er, eftir áramót. Endurskoðaðir skulu þeir af endurskoðendum Búnaðarbankans, úrskurðaðir af atvinnumálaráðherra og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Endurskoðendur skulu hafa vakandi auga á, að lögum og reglugerð Kreppulánasjóðs sé á allan hátt fylgt. Fyrir endurskoðunina fær hvor þeirra 600 kr. þóknun á ári til 31. des. 1935.

33. gr.

Auk þeirra lána, er um ræðir hér að framan, er stjórn Kreppulánasjóðs heimilt að veita bændum lán til greiðslu á umsömdum afborgunum og vöxtum fasteignaveðslána í opinberum stofnunum. Enda komi samþykki ráðherra til.

34. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs er heimilt að taka lán til þess að flýta fyrir starfsemi sjóðsins, en þó aldrei meira en svo, að öruggt sé, að lánið verði endurgreitt með því fé, er til sjóðsins á að falla samkvæmt 1. gr. laga um Kreppulánasjóð. Lánveitingum úr sjóðnum skal vera lokið í síðasta lagi 31. des. 1935.

35. gr.

Kreppulánasjóður tekur til starfa frá staðfestingardegi þessarar reglugerðar.

*Fjármálaráðuneytið, 2. október 1933.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

---

*Páll Eggert Ólason.*